

## Tilm. 24/2019/tillväxt D 2019

**Fyrri númer** A 1804/tillväxt  
**Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um

**Að tryggja margbreytileika í stjórnnum fyrirtækja og efla þannig hæfni innan þeirra****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að  
Norðurlandaráð skrái svar við tilmælum 24/2019 hjá sér og *bíði átektu eftir pólitísku samráði*

**Bakgrunnur**

*Tilmælin eru svohljóðandi:*

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær kortleggi stöðuna í löndunum hvað varðar samkeppnisfærni og hagvöxt út frá fjölbreytni í stjórnnum fyrirtækja. Áreiðanlegra upplýsinga er þörf til að geta dregið upp sameiginlega mynd af stöðunni sem ekki er unnt að bera brigður á. Slíkar upplýsingar gera það einnig kleift að draga upp heildstæða mynd af núverandi ástandi;

að vekja athygli á gagnsemi fjölbreyttrar samsetningar stjórna að því er varðar arðsemi, hagvöxt og aðdráttarafli fyrirtækja;

að þær efni til málþings/ráðstefnu þar sem skipst verði á árangursríkum aðferðum til þess að auka fjölbreytni í atvinnulífinu (stjórnnum fyrirtækja) og jafnframt að styðja og hvetja konur og fólk af erlendum uppruna til þess að hefja atvinnurekstur.

**Svör frá norrænu ríkisstjórnunum**

Norðurlönd hafa í gegnum söguna verið í fararbroddi þess að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og stjórnnum hvað varðar jafnt kynjahlutfall. Þrátt fyrir það er skipting valds, ábyrgðar og fjármuna enn ójöfn í norrænum samfélögum, sérstaklega að því er varðar fjölbreytta samsetningu í víðu samhengi. Norrænu löndin eru því sammála um að enn er mikilvægt að vekja athygli á staðreyndum um kynjahlutföll og fjölbreytni innan mismunandi sviða, atvinnugreina og stjórnsýslustiga í norrænu löndunum og löndin læri af reynslu hvers annars. Eins og fram kemur í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál er auk þess lög sérstök áhersla á að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði með tilliti til kyns, uppruna og fötlunar.



Norðurlönd vilja í framhaldi þeirrar vinnu sem þegar er í gangi á þessu sviði leggja áherslu á að miðla reynslu af árangursríkum aðferðum til að stuðla að fjölbreytni í stjórnnum og atvinnulífinu. Það má m.a. gera á málþingi/ráðstefnu þar sem rætt er um og athygli er vakin á þeim jákvæðu áhrifum sem fjölbreytileiki getur haft í atvinnulífinu. Löndin vilja við sama tilefni ræða og miðla reynslu af kostum fjölbreytileika í stjórnnum hvað varða hagnað vöxt og vinsældir fyrirtækja.

Norðurlönd leitast við að vinna með virkum hætti að málefnum fjölbreytileika og vilja halda áfram því góða starfi sem hafið er. Löndin biðja eftir niðurstöðum ofangreindar vinnu og munu síðan taka ákvörðun um hvort nægilegur áhugi sé fyrir því að gera könnun í hverju landi um fjölbreytileika í stjórnnum og samkennishæfni og hvort slíkt myndi hafa áhrif.

*Norrænu ríkisstjórnirnar telja að með þessu hafi þær orðið við tilmælunum að hluta.*

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Vissulega talar ráðherranefndin í svari sínu um ráðstefnu og reynslumiðlun, en nefndin telur svarið þó vera of almennt og óljóst orðað til að treysta megri því að gripið verði til (for)virkra aðgerða á þessu sviði og í anda tilmæla Norðurlandaráðs. Meðal annars hefði í svarinu getað komið fram hvernig löndin vinna að því að jafna hlutföll kynjanna, hvernig staðið er að ráðningum hjá hinu opinbera og hvaða lagastoð er fyrir t.d. kynjakvóta. Nefndin telur svarið ekki nægilega skýrt og óskar því eftir pólitísku samráði um þetta málefni.

Norðurlöndum, 29. apríl 2020

*Anders Eriksson (ÅF)*

*Arman Teimouri (L)*

*Cecilie Tenfjord-Toftby (M)*

*Freddy André Øvstegård (SV)*

*Helge André Njåstad (FrP)*

*Jaspar Langgaard (sb)*

*Lorena Delgado Varas (V)*

*Lulu Ranne (saf)*

*Nils Aage Jegstad (H)*

*Orla Hav (S)*

*Pyry Niemi (S)*

*Ruth Mari Grung (A)*

*Stein Erik Lauvås (A)*

*Torhild Bransdal (KrF)*